

Ed.

368. Nefndarálit

[228. mál]

um frv. til l. um Kjaradóm.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. nefndarinnar telur ýmsa galla vera á þessu frumvarpi.

Í fyrsta lagi má telja athugavert að framkvæmdarvaldið skipi tvo fulltrúa í Kjaradóm á meðan viðsemjendur þess, samtök opinberra starfsmanna, eiga þar engan fulltrúa. Réttara væri að annaðhvort ættu báðir aðilar þar fulltrúa eða þá að dóminn mynduðu eingöngu þeir þrír dómendur sem samkvæmt frv. eru skipaðir af Hæstarétti.

Í öðru lagi telur minni hl. nefndarinnar ekki eðlilegt að Kjaradómur ákveði kjör allra þeirra er tilteknir eru í 2. gr. frv., heldur sé eðlilegra að kjör allmargra, sem þar eru, ráðist í kjarasamningum þeirra stéttarfélaganna sem við eiga. Ekki er heldur ljóst af frv. hvaða viðmiðunarreglur eru notaðar við að ákveða hverjir skuli skv. 2. gr. heyra undir Kjaradóm og hverjir ekki.

Þar sem frv. er hluti af viðtæku samkomulagi milli ríkisins og starfsmanna þess sem minni hl. telur mikilvægt mun hann hvorki flytja brtt. við frv. né leggja til að það verði fellt, heldur sitja hjá við afgreiðslu þess.

Alþingi, 16. des. 1986.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.